

Gögn með kynningu á Voga- og Höfðabyggð

Framtíðarsýn Glímufélagsins Ármanns í aðstöðumálum og hverfaskipulagi innan Reykjavíkurborgar.

Inngangur:

Glímufélagið Ármann hefur sýnt áhuga á að koma að skipulagi íþróttastarfs í hinu nýja hverfi sem verður til með breytingu iðnaðarhverfisins sem nær frá nýju Vogabyggð og Höfðabyggð. Glímufélagið Ármann getur boðið upp á fjölbreytt íþróttastarf fyrir íbúa hverfisins. Ármann er fjölgreinafélag með 11 íþróttagreinum og býður að mestu leyti upp á einstaklingsgreinar, sem bætir miklu við fjölbreytileika hverfisins í stað hinna hefðbundnu boltagreina. Fyrir þau börn sem hafa áhuga á að stunda knattspyrnu erum við í samvinnu við Þrótt og verða þeir með aðstöðu til knattspyrnuíðkunnar innan hverfis. Sýn Ármanns er að tengja íþróttir í hverfinu við heilsueflingu almennings og gera fjölnota (tartan) útiþróttasvæði sem hægt verði að samnýta með nokkrum íþróttagreinum t.d. frjálsar, parkour, battavöllur, úti körfuboltasvæði og þrekkæki fyrir almenning.

Hugmyndir okkar tengjast vel hugmyndum borgarinnar varðandi græn svæði, útivist og vistvæn hverfi. Glímufélagið Ármann hefur nú þegar sent inn formlega ósk um viðræður um samstarf í þessu hverfi og með þessu minnisblaði viljum við ítreka þá þá ósk og sendum hér með drög að hugmyndum okkar og sýn.

Forsendur:

Árið 2006 flutti Ármann í núverandi íþróttamannvirki í Laugardalnum sem nágrenni Þróttar og hefur það samstarf gengið vel. Auðvitað var áskorun að koma inn í hverfi annars hverfafélags en kosturinn er að engar íþróttagreinir skarast hjá félagunum. Iðkendur Ármanns koma víðs vegar af höfuðborgarsvæðinu vegna sérstöðu íþróttagreina sem Ármann býður upp á og nýjar hugmyndir okkar um íþróttaaðstöðu í Voga- og Höfðabyggð myndu efla félagið til muna.

Samkvæmt stefnumótun Reykjavíkurborgar í íþróttamálum til 2030 kemur fram að tveir megin valkostir liggja fyrir varðandi þetta nýja hverfi, annað hvort að skipta svæðinu á milli félaganna í nágrenninu eða að nýtt íþróttahverfi verði skilgreint með nýju/gömlu hverfafélagi. Þó Glímufélagið Ármann sé elsta samfelld starfandi íþróttafélag landsins þá erum við mjög sveigjanleg og tilbúin í breytingar. Félagið sér marga kosti við að taka við íþróttastarfsemi í þessu nýja hverfi, bæði sem frábær viðbót við þjónustu íbúa hverfisins og einnig sem lausn á framtíðarþörfum Ármanns. Við erum nú á ákveðnum krossgötum varðandi uppbyggingu félagsins og leitum lausna á brýnni húsnæðisþörf félagsins. Félagið er tilbúið að flytja höfuðstöðvar Ármanns yfir í nýtt hverfi með skrifstofu og félagsaðstöðu en væri áfram með áhaldafimleika, júdó eða taekwondo áfram í Laugardalnum í þessu sérhæfða og góða húsi fyrir þá starfsemi. En hluti af uppbyggingunni í nýju hverfi yrði m.a. hóp fimleika/parkour hús, körfuknattleikhús, lyftingaaðstaða og þreksalur fyrir deildir félagsins.

Hér að neðan er farið yfir stöðu greina sem þarf að skoða varðandi nýtt svæði:

Körfuknattleiksdeild:

Samkvæmt tölum KKÍ er Ármann ein stærsta körfuknattleiksdeild Reykjavíkur en með verstu aðstöðuna. Svo hægt verði að byggja upp til framtíðar og fá flottar fyrirmyndir innan félagsins er nauðsynlegt að við fáum heimavöll sem við getum kallað okkar og búið til þá stemmningu og félagsanda sem þekktist hjá öðrum félögum borgarinnar. Deildin hefur haft aðstöðu í litlum skólasölum fyrir yngri flokkana og eldri flokkar í Kennaraháskóla Íslands til fjölda ára. Kennaraháskólinn er staðsettur í hverfi Vals sem m.a. veldur brottfalli iðkenda vegna fjarlægðar. Fjöldi iðkenda deildarinnar veldur því að þeir fá færri tíma en æskilegt er. Ef við færum alla starfsemi úr Kennaraháskólanum yfir í nýja aðstöðu í Vogabyggð og höldum öllum öðrum tímum eins og nú, myndast tækifæri til að fjölga æfingatímum. Núverandi fyrirkomulag býður ekki upp á möguleika til stækkunar. Iðkendur félagsins eru að fá færri æfingaklukkustundir en sami aldur hjá öðrum félögum í kringum okkur. Sem dæmi er 7. flokkur KK hjá Val með 290 mínútur á meðan iðkendur okkar í sama flokki fá 180 mínútur. Flokkurinn er með tvo tíma í Kennó sem er með flotta stærð af sal og einn inni í Laugarnesskóla sem er ekki boðlegur fyrir þennan aldur. Sama staða er hjá öðrum flokkum deildarinnar.

Iðkendur vorönn 2020: 380

Fimleikadeild:

Í fimleikasal okkar eru þrjár tegundir fimleika stundaðir en það eru áhaldafimleikar, hóp fimleikar og parkour. Erfitt getur verið að stunda allar þessar greinar innan sömu veggja – þar sem áherslur eru mismunandi innan greinanna, t.d. með mismunandi áhöldum. Allar þessar deildir eru stórar og þurfa pláss sem er af skornum skammti. Þegar horft er til annarra fimleikafélaga landsins er áherslan yfirleitt á eina grein nema hjá Gerplu sem er með tvö hús og starfið blómstrar í öllum greinum. Við höfum lagt mikla áherslu á að gefa öllum þrem greinunum pláss innan okkar veggja svo börnin upplifi að það skipta allir jafn miklu máli.

Hjá okkur er mikil eftirspurn og ávallt biðlistar til að komast að hjá deildinni.

Iðkendur vorönn 2020:

- Áhaldafimleikar: 388
- Hóp fimleikar: 150
- Parkour: 132
- Krílahópar 187
- Aðrir hópar (fullorðinsfimleikar, 60+ leikfimi, sirkus og fl.) 125
- Samtals 982

Frjálsíþróttadeild:

Yfir vetrarmánuðina æfum við í frjálsíþróttahöllinni við frábærar aðstæður en því miður falla æfingar reglulega niður vegna viðburða sem deildin er gríðarlega ósátt með þar sem þetta er eina inni aðstaðan í Reykjavík. Yfir sumartímam æfum við á kastsvæðinu í Laugardal og er það svæði ágætt en þarfnast viðhalds, en ekki er aðstaða til að æfa allar greinar. Við eigum að hafa aðgang að Laugardalsvelli en þar getur oft verið erfitt að komast að og oft á tíðum upplifir frjálsíþróttafólk sig ekki velkomið. Einnig hefur verið farið í litlar viðgerðir á hlaupabrautinni þar sem hún er ónýtt á nokkrum stöðum en vonandi leysist það með nýjum alþjóðlegum frjálsíþróttavelli sem er yrði einnig æfingavöllur félagsins.

Iðkendur vorönn 2020: 160

Kraftlyftingadeild og Ólympískar lyftingar:

Lyftingadeildir félagsins hafa aðstöðu í kjallara undir Laugardalslaug. Aðstaðan er ekki góð, það er mikill hávaði þar og fer hann yfir heilsuverndar viðmið. Einnig kemur oft upp leki inni í salnum sem ekki er hægt að koma í veg fyrir. Búnaður hefur eyðilagst og viðurinn í lyftingapöllum bólgnað upp reglulega vegna raka. Taka á sundlaugina í gegn á næstu árum og er líklegt að í kjölfarið missum við húsnæðið enda er þetta ekki aðstaða sem við hugsum til framtíðar.

Iðkendur vorönn 2020:

- Kraftlyftingar: 79
- Ólympískar lyftingar: 30
- Samtals 109

Rafíþróttadeild:

Deildin var stofnuð fyrir tæpum tveim árum og hefur verið nokkuð vinsæl miðað við aðstöðuna sem við höfum upp á að bjóða. Félagið leigir aðstöðu hjá Gound Zero við Grensásveg – sem ekki er ásættanleg lausn til framtíðar. Vegna aðstöðuleysis er erfitt að bæta hreyfingu við æfingar eins og æskilegt er og að stofna keppnislið.

Iðkendur vorönn 2020: 60

Skíðadeild:

Bláfjöll eru helsta æfingasvæði skíðadeildarinnar yfir vetrarmánuðina. Þegar ekki er opið í fjallinu hafa æfingar verið stundaðar í fimleikasal Ármanns í 90 mínútur á viku og verið með 120 mínútur á viku í Laugarnesskóla – sem þurfa að víkja ef það eru mót eða önnur starfsemi. Einnig verður erfiðara að komast þar inn vegna fjölgunar hjá körfuknattleiksdeild. Vetraræfinga aðstaða þeirra innanhúss er því ekki góð. Með nýrri aðstöðu gerum við ráð fyrir

föstum æfingum fyrir þrek og tækniæfingar í sal. Þau hafa ekki aðgengi að lyftingaaðstöðu sem er nauðsynleg fyrir allt íþróttafólk.

Iðkendur vorönn 2020-2021: 130

Sunddeild:

Starfsstöðvar deildarinnar eru þrjár en þær eru Árbæjarlaug, Sundhöllin og Laugardalslaug. Þrátt fyrir að við séum hverfafélagið í Laugardalnum eigum við erfitt með að fá fleiri tíma inni í Laugardalslaug þar sem öll félögin í Reykjavík æfa þar. Við eigum erfitt með að bjóða þeim upp á þrekaðstöðu/lyftingasal en þau hafa farið niður í lyftingasal félagsins á dauðum tímum sem eru ekki margir í kringum æfingátíma þeirra í lauginni.

Iðkendur vorönn 2020:

- Árbær: 67
- Laugardalur: 64
- Sundhöll: 16
- Sundskólinn: 188
- Samtals: 335

Júdó/Taekwondo:

Bardagagreinar félagsins eru Júdí og Taekwondo sem hafa frábæra aðstöðu í Laugardal. Iðkendum hefur fækkað í greinunum en til stendur að sækja fram á við í þeim efnum og fjölga þeim á næstu árum. Kraftmikið fólk er í stjórnnum deildanna og er mikill hugur í þeim. Samstarf deildanna gengur vel. Júdí hefur verið í mikilli samkeppni um iðkendur við Júdífélag Reykjavíkur sem er staðsett í Ármúla, og er nálægð Laugardalsins við Ármúla ákveðin áskorun í þeim efnum. Báðar greinar hafa fundið fyrir minnkandi þátttöku eftir að byrjað var að stunda MMA hér á landi og vinsældir afreksmanna eins og Gunnars Nelsons jukust.

Iðkendur vorönn 2020:

- Júdí: 35
- Taekwondo : 57
- Samtals: 92

Mögulegur samstarfsvettvangur

- Fyrir hlaupahópa og almenning.
- Tengsl við skóla og frístundasvið.
- Frístundaheimili barna í nýju hverfi.
- Skólaíþróttahús – samnýting.
- Félags- og íþrottaaðstaða eldri borgara í hverfinu.
- Félagsmiðstöð unglinga í hverfinu.
- Klifurfélagið – Samstarf.
- Hjólabretta garður.
- Sirkus.

Mögulegt úti æfingarsvæði

- Frjálsíþróttu umhverfi – Erum með flottar hugmyndir og myndir af svona svæði erlendis frá : [Athletics Exploratorium in Odense, IOC/IAKS Award 2015 - YouTube](#)



- Parkour svæði – T.d. sem væri inni í frjálsíþróttu umhverfinu.



Niðurstaða:

Ljóst er að Glímufélagið Ármann hefur upp á mikið að bjóða í nýju hverfi og getur starfað í sátt og samlyndi við þau íþróttafélög sem eru í nágrenni nýrrar byggðar, eins og sýnt hefur verið fram á með samstarfi Ármanns og Þróttar. Starfsemi á þessu svæði getur líka kallast vel á við starfsemina í Laugardalnum – og væri þetta því fyrirtaks tækifæri til að festa rætur félagsins til framtíðar.

Félagið er tilbúið að flytja höfuðstöðvar í nýtt hverfi í Vogabyggð og Höfðabyggð.

Óskir félagsins eru að byggðar verði skrifstofur og félagsaðstaða.

Þarfir deilda: körfuknattleikshús, hópfimleika og parkour aðstaða, lyftingaaðstaða og þreksalur og úti aðstöðu fyrir frjálsar og almennings íþróttir.

Í dag er félagsaðstaða fyrir deildir óboðleg og erfitt er að búa til félagsanda þegar við erum dreifð víðsvegar um borgina. Með aðstöðu deilda á einum stað myndast samkennd og samvinna þvert á deildir félagsins.